



Knattspyrnudeild Vals
Edvard Börkur Edvardsson, formaður
Sigurður Kristinn Pálsson, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 30. ágúst 2023

Úrskurður: Atvik í leik Vals og Víkings R. í Bestu deild karla 20. ágúst 2023

Á aukafundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 30. ágúst sl., var tekið fyrir erindi sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar með vísan til greinar 19.2. í lögum KSÍ og 5. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik er átti sér stað í leik Vals og Víkings R. í Bestu deild karla þann 20. ágúst 2023. Erindið barst nefndinni þann 28. ágúst sl. og var þá ákveðið að gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að skila skriflegri greinargerð um málið fyrir kl. 15:00 miðvikudaginn 30. ágúst.

Í samræmi við ákvæði 5.2. og 5.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

Það skal tekið fram að heimild framkvæmdastjóra til þess að beina meintum brotum, líkt og því sem hér er til umfjöllunar, til nefndarinnar er skýr og ótvíræð. Það fellur svo í hlut aga- og úrskurðarnefndar að ákveða hvort atvik feli í sér brot. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Fyrir aga- og úrskurðarnefnd liggja staðfestingar frá dómara, í leik Vals og Víkings R. þann 20. ágúst 2023, á því að atvik það sem lýst er í greinargerð framkvæmdastjóra hafi hvorki hann né aðstoðarmenn séð og því ekki brugðist við vegna þess. Ef um hefði verið að ræða atvik sem dómari hefði áður lagt mat á og tekið ákvörðun um inn á velli, þá skal tekið fram að það atvik hefði ekki getað sætt endurskoðun aga- og úrskurðarnefndar á grundvelli greinar 5.3.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 30. ágúst lá fyrir skrifleg greinargerð frá knattspyrnudeild Vals dags. þann sama dag. Í greinargerð Vals segir m.a.;

„[...]að leikmaður Vals Hólmar Örn Eyjólfsson er ekki að slá til leikmanns Víkings. Leikmaður Vals Hómar Örn ýtir Erlingi Agnarssyni leikmanni Víkings frá sér eftir að sá síðarnefndi rífur í treyju hans og hangir í honum og truflar Hólmar með ólögætum hætti í sínum leik. Einnig má sjá á myndbroti (myndbrot 2) að Hólmar hugar strax að Erlingi og tekur utan um hann og kannar hvort hann sé í lagi í kjölfarið stendur Erlingur strax upp án nokkra meiðsla. Hólmar, Erling og Erlendur dómari taka saman stutt spjall og leik haldið áfram.“

Það er mat nefndarinnar, samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, að atvik það sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra frá 28. ágúst sl. og jafnframt birtist á myndskaiðum sem fylgir greinargerð framkvæmdastjóra og greinargerð Vals, sé alvarlegt agabrot. Í

tilvitnuðu atviki sýnir leikmaður Vals, Hólmar Örn, af sér alvarlega grófan og hættulegan leik er hann slæmir hendi sinni í andlit leikmanns Víkings R. Erlings Agnarssonar. Atvik þetta hafi hvorki dómari né aðstoðarmenn hans séð í leik Vals og Víkings R. í Bestu deild karla þann 20. ágúst sl.

Hefur aga- og úrskurðarnefnd ákveðið, með vísan til ákvæða 5.2. og 5.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, að úrskurða Hólmar Örn Eyjólfsson, leikmann Vals, í eins leiks bann í Íslandsmóti vegna atviksins í framangreindum leik, samkvæmt 12. gr. sömu reglugerðar. Leikbann Hólmars Arnar tekur gildi kl. 12 á hádegi næsta dag frá birtingu á úrskurði þessum, sbr. grein 8.2. reglugerðarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson